

Hafnarfirði 31. ágúst 2016

Efni: Selvogsgata 12, varðveislugildi.

Samkvæmt manntalsskrá Hafnarfjarðar voru fimm íbúar á Selvogsgötu 12 árið 1926- 1927, einnig er að finna Brunavirðingu frá 1926 á sama húsnúmer. Því er ljóst að húsið er byggt árið 1926 en ekki árið 1946. Líklegt er að orðið hafa eigendaskipti frekar en stækkun á húsinu árið 1946 og þaðan sé aldur hússins í fasteingaskrá kominn. En ekki hafa fundist heimildir sem tengir ártalið 1946 við húsið.

Húsið er eitt fárra húsa sunnan megin við götuna sem eru nálægt sinni upprunalegu mynd. Húsið er byggt árið 1926 en ekki 1946 og gefur það því húsinu meira varðveislugildi. Við teljum að mikilvægt sé að varðveita eigi uppruna byggðarinnar og því eigi húsið að standa áfram í sem upprunalegustu mynd.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Byggðasafns Hafnarfjarðar



Heiðrún Eva Konráðsdóttir